



Selfossi, 9.9.2024

Fundargerð stjórnar

21. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn mánudaginn 9. september 2024, kl. 15:45 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Svarbréf við erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar BÁ

Pétur kynnti svarbréf við erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar BÁ. Umræður. Pétur falið að senda svarbréfið til Skeiða- og Gnúpverjahrepps auk þess að senda afrit á öll aðildarsveitarfélög BÁ.

2. Vígsla dælubifreiðar BÁ í Hveragerði

Pétur sagði því að nýi dælubíllinn í Hveragerði hefur verið notaður í nokkrum útköllum og almenn ánægja með hann. Fyrirhugaður vígludagur er 27. september kl 16:00.

3. Staða byggingamála á Laugarvatni

Pétur fór yfir stöðu byggingamála á nýrri tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni. Byggingaframkvæmdir ganga vel.

4. Samsetning vinnuhóps vegna fyrirhugaðrar byggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum

Pétur sagði frá því að setja þurfi saman vinnuhóp vegna fyrirhugaðrar byggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Samþykkt að vinnuhópin skipi tveir úr stjórn BÁ, Árni og Helgi, og tveir frá Björgunarfélaginu Eyvindi. Lárusi falið að boða til fundar í vinnuhópnum.

5. Önnur mál

a. Haustfundur Héraðsnefndar

Haustfundur Héraðsnefndar verður 15. október. Drög að fjárhagsáætlun BÁ fyrir 2025 verður kynnt á næsta stjórnarfundi.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 17:00

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Bragi Bjarnason

Árni Eiríksson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari
Unna Björg Ögmundsdóttir